



Til bæjarstjórnar Fjarðabyggðar.

Komið þið sæl.

Við viljum byrja á að þakka fyrir skjót viðbrögð vegna göngubrúar við grunnskólann á Stöðvarfirði sem við báðum um seinasta sumar.

Einnig langar okkur að óska nýkjörnum bæjarfulltrúum velfarnaðar í starfi með von um gott samstarf á kjörtímabilinu.

Okkur langar hins vegar núna að óska eftir því að fá nokkuð skýr svör varðandi framtíð tjaldsvæðisins á Stöðvarfirði.

Við í íbúasamtökunum vorum búin, að ósk Fjarðabyggðar, að kynna hugmyndir af nýju tjaldsvæði á fótboltavellinum. Sú hugmynd fékk að mestu leyti góðar viðtökur af þeim sem mættu á kynningarfundinn. Þessi hugmynd var svo aftur rædd á íbúáþingi á vegum Byggðastofnunnar hér á Stöðvarfirði snemma í vor. Eftir að við í íbúasamtökunum ræddum við fólk á þinginu og útskýrðum hugmyndir okkar varðandi tjaldsvæði á fótboltavellinum, fengu þær hugmyndir góðar undirtektir.

Hinsvegar áttum við okkur á því að þó nokkur umræða hefur skapast um þetta á samfélagsmiðlum. Þá er það umræða sem er að miklu leyti á móti þessu. En við viljum hins vegar benda á að sú umræða stýrist af mestu leyti af fólki sem á ekki heima hér.

Hver er stefna Fjarðabyggðar í tjaldsvæðamálum á Stöðvarfirði?

Þessi umræða er búinn að eiga sér stað núna yfir tvö kjörtímabil, og alltaf á að fara gera eitthvað en það virðist svo stoppa á guð má vita hverju.

Því er það ósk okkar að nú verði farið í það við fyrsta tækifæri að taka ákvörðun um þessi mál og það verði staðið við þá ákvörðun. Hvort sem sú ákvörðun verði sú að hér verði tjaldsvæði eða ekki. Og þá setjum við líka þá kröfu að jafnt skuli ganga yfir alla, því ef Fjarðabyggð sér ekki fram á að geta verið með tjaldsvæði á Stöðvarfirði þá ætti Fjarðabyggð ekki að geta verið með tjaldsvæði annars staðar í Fjarðabyggð. Þetta er ekki eitthvað sem íbúar hafa þolinmæði fyrir í 4 ár í viðbót.

Takk fyrir.

Stjórn íbúasamtaka Stöðvarfjarðar.

Bjarni Stefán Vilhjálmsson.

Friðrik Júlíus Jósefsson

Bryngeir Ágúst Margeirsson

Eyþór Ármann Jónasson

Margeir Þór Margeirsson.